

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1887/2000****frá 6. september 2000****um bráðabirgðaleyfi fyrir nýtt aukefni í fóðri****(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2000 <sup>(2)</sup>, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að leyfa ný aukefni með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni.
- 2) Leyfa skal nýtt aukefni til bráðabirgða ef efnið, í því magni sem það er leyfilegt í fóðri, hefur hvorki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið né skaðar neytendur með því að breyta eiginleikum búfjárafurða ef unnt er að hafa stjórn á tilvist þess í fóðri og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirbyggjandi niðurstöðum, að skilyrðið sem mælt er fyrir um í a-lið 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, þ.e. virkni, hafi verið uppfyllt.
- 3) Í ljósi þeirra gagna, sem lögð voru fram í skránni og skoðuð hafa verið af aðildarríkjunum, hafa skilyrðin vegna bráðabirgðaleyfis fyrir „klínóptílólit, upprunnið úr seti“ í flokknum „bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni“ verið uppfyllt.
- 4) Einnig ætti að fella „klínóptílólit, upprunnið úr seti“ inn í áætlunina um eftirlit með því hvort díoxín sé til staðar sem mælt var fyrir um varðandi önnur aukefni í sama flokki sem þegar hafa verið leyfð. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2439/1999 <sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 739/2000 <sup>(4)</sup>, er kveðið á um slíka áætlun fyrir leyfð

bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni. Eftir 15. október 2000, en þann dag ættu niðurstöður eftirlitsáætlunarinnar að liggja fyrir í heild sinni, skal beita greiningarmörkunum sem mælt er fyrir um í greiningaraðferðinni fyrir díoxín ef ekki er mælt fyrir um hámarks magn sem er byggt á grundvelli fullnægjandi gagna úr eftirlitsáætluninni varðandi það hvort díoxín sé til staðar í þessu nýja aukefni.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE er „klínóptílólit, upprunnið úr seti“ í flokknum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“ hér með leyft til bráðabirgða sem aukefni í fóðri í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglugerð þessa fyrir 15. október 2000 í ljósi niðurstaðna eftirlitsáætlunarinnar varðandi það hvort díoxín sé til staðar í þessu nýja aukefni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. september 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 155, 28.6.2000, bls. 15.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. EB L 297, 18.11.1999, bls. 8.

<sup>(4)</sup> Stjtíð. EB L 87, 8.4.2000, bls. 14.

## VIÐAUKI

## Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					innihald	innihald		
					mg/kg heilfóðurs			
4	Klínóptílólit, upprunnið úr seti	Vatnað kalsíumálsílikat, upprunnið úr seti sem inniheldur að minnsta kosti 80% klínóptílólit og mest 20% leirsteindir og er laust við trefjar og kvars  Hámarksdíoxíninnihald <sup>(1)</sup>	Eldissvín	—	—	20 000	Allt fóður	30.9.2001
			Eldiskjúklingar	—	—	20 000	Allt fóður	30.9.2001
			Eldiskalkúnar	—	—	20 000	Allt fóður	30.9.2001
			Nautgripir	—	—	20 000	Allt fóður	30.9.2001
			Lax	—	—	20 000	Allt fóður	30.9.2001

<sup>(1)</sup> Ef nákvæmt hámarksmagn hefur ekki verið ákvarðað, sé þess þörf, á grundvelli fullnægjandi gagna um tilvist díoxíns gildir hámarksmagnið 500 µg WHO-PCCD/F-TEQ/kg frá 15. október 2000.